



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Árborg

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat Grænalandi	4
3 Innra mat Rauðalandi.....	6
4 Innra mat Bláalandi.....	9
3 Ytra mat	11
4 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	14
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	14
6 Foreldrasamvinna	15
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	16
8 Fylgigögn.....	17
8.1 Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	17
8.2 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	17
8.3 Umbætur fyrir næsta starfsár 2019-2020.....	18
8.4 Umsögn foreldraráðs.....	19



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólaárið byrjaði vel haustið 2018 . Við fórum að af stað með fulla mönnun og áætlun með innritun nýrra barna stóðst. Skipulagt starf fór vel af stað og héldum við áætlun fram yfir áramót. Á árinu var aftur tekið upp að vera með foreldraviðtöl tvisvar á starfsárinu að hausti og að vor., Við höfðum breytt því í eitt viðtal á ári fyrir 3 árum en niðurstöðu úr foreldrakönnun 2018 var að foreldrar vildu hafa viðtöl um þroska barnsins oftar. Við fórum af stað með samstarf við Miðju máls og læsis en það var sett á bið í febrúar og mun verða endurvakið á haustönn 2019 . í febrúar verður leikskólinn fyrir því áfalli að eldur kom upp í eldhúsi leikskólans og urðu miklar skemmdir af völdum elds og reyks í húsinu. Starfsemin var flutt í Árbæjarskóla og Ársel og var öll starfsemi út úr húsi í tvær vikur en þá fluttu yngri og yngstu börnin inn í leikskólann aftur en elstu börnin voru í Árseli í 7 vikur samfellt. Þetta áfall hefur litað allt starf leikskólans á vorönn. Við héldum dagskipulagi og ýmsum þáttum í starfinu en annað varð undan að láta eða viðfangsefni unnin á nýjan hátt. Starfsfólk var dreift á 3 staði í nokkurn tíma og eftir að hluti starfsins var komin í hús aftur þá voru enn 20 börn og 3 starfsmenn fastir í Árseli. Nærsamfélagið okkar stóð vel með okkur í þessum hremmingum og eiga Árbæjarskóli og Ársel miklar þakkir skildar fyrir móttökur og hversu tilbúnir stjórnendur voru að hjálpa okkur á allan máta. Mikið hefur verið endurnýjað í leikskólanum eftir brunann og hafa salur, ein deild , eldhús og starfsmannaaðstaða verið endurnýjuð. Fara þurfti í gegnum allt innbú og kennslugögn skólans og var það grisjað í leiðinni. Allir hafa lært af þessari reynslu, allar þessar breytingar sem við gengum í gegnum hafa bæði eflt og styrkt starfsmannahópinn og aukið vísðsýni. Börnin voru heilt yfir ótrúlega fljót að aðlaga sig nýjum aðstæðum og elstu börnin tóku stökk í þroska við að takast á við nýjar og krefjandi aðstæður s.s að sækja mötuneyti Árbæjarskóla daglega, taka þátt í starfi frístundamiðstöðvarinnar og læra á grunnskólaumhverfið sem býður þeirra næsta haust. Vorönnin var erfið og töluvert álag en heilt yfir hefur starfsfólkinu og nærsamfélaginu tekist að gera eins gott úr hlutunum og hægt var og allir komið sterkari til baka. Það er vert að minnast á það að veikindi starfsfólks voru í lágmarki þrátt fyrir álag. Við munum byrja að nýju í haust og halda áfram með það sem við lögðum upp með síðasta haust. Við munum vinna að eflingu læsis og málskílnings og að sjálfseflingu og félagsfærni barnanna. Leikskólinn varð 50 ára 12 febrúar og var ætlunin að halda daginn hátíðlegan en vegna brunans var afmælinu frestað til 20 júní . Borgarstóri heimsótti okkur, starfsfólk SFS ásamt aðstandendum og gömlum starfsmönnum og svo ákvað veðrið að leika við okkur.



2 Innra mat Grænaland

Stutt greinargerð frá Grænalandi – starfsárið 2018 – 2019

Starfsárið einkenndist í senn af festu og stöðugleika en einnig af óvæntum verkefnum og áskorunum.

Haustönnin hófst á hefðbundnum nótum. Aðlögun nýrra barna og foreldra gekk ágætlega. Flest börnin voru fljót að ná áttum, að finna sig í nýjum aðstæðum og að mynda öryggistengsl við kennarana sína og umhverfi - á meðan önnur þurftu lengri tíma. Leikskólakennarinn sem var í fæðingarorlofi mætti aftur til starfa í nóvember og á svipuðum tíma kvaddi afleysing hans.

Málörvun var einn aðal umbótaþáttur vetrarstarfsins og gekk almennt mjög vel að fylgja markmiðunum. Sjónrænt dagskipulag var endurnýjað. Aðra hverja viku var unnið með óformlegar Lubbastundir á móti söngstundum hina vikuna. Starfsmenn efldu sig í samtali við börnin og að setja orð á hluti og athafnir í ýmsum aðstæðum. Mikilvæg hefð skapaðist í málörvuninni haustið 2017. Þá fór af stað lestrarátak, þ.e. að allir foreldrar voru hvattir til að lesa heima fyrir börn sín. Átakið sem heitir „Bókaormur“ og stendur yfir í tvær vikur á hvorri önn hefur vaxið með hverju skiptinu og er komið til að vera.

Eins og áður var unnið markvisst með Könnunarleikinn á haustönn og á vorönninni tók við þemavinna þar sem annars vegar var unnið með gamla tímanna, „Þorrann“ og svo hins vegar lífsleiknínámskeiðið „Ég sjálfur“ með góðum árangri.

Við innra mat deildarinnar kom í ljós að efla þyrfti alla skriflega skráningu og mun það verða tekið föstum tókum strax næsta leikskólaár - frá hausti.

Ákveðið var að endurskoða þáttinn um heimamenningu þar sem ekki náðist að vinna markvisst með hana á sl. skólaári. Við nánari skoðun kom í ljós að leikskólinn hefur í mörg undanfarin ár unnið með heimamenningu hvers barns með ákv. Persónu- og Ferilmöppu sem fylgir hverju barni upp alla leikskólagönguna og barnið fær svo til eignar í lokin. Leikskólinn sjálfur leggur til möppurnar og plöstin og heldur utan um gerð hennar.

Eitt stendur þó upp úr sem setti stóran svip á allt leikskólastarfið en 6. febrúar, á Degi Leikskólans kom upp eldur í Árborg og urðu þar miklar skemmdir. Öll starfsemin vék úr leikskólahúsnæðinu og þeim dyrum lokað að sinni, en vinir leikskólans, Árbæjarskóli og Töfrasel opnuðu sínar dyr. Við þetta sköpuðust ný verkefni og áskoranir sem varð að leysa – og þó að allt leikskólastarfið fengi á sig brotsjó, þá, á sama tíma þéttust raðirnar sem leiddu af sér samhug, samstillingu, samvinnu og samkennd.

Umbótaþætti r Grænalands	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlu n	Ábyrgðaraði li	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Málörvun	Eins og fyrr, að allt námsumhverfi barnanna styðji	Skerpa á notkun orðaforðalistans og t.d. að setja	Unnið að málörvun allt árið og í	Deildastjóri, sérkennslustj	Rýnivinna starfsmanna deildarinnar	Að börnin nái tókum á íslensku



	við máltöku og málproska þeirra.	hann á lykklahring og hafa hann alltaf tiltækan. Virkja stuðninginn til að sjá um að gefa ákv. 10 mín. og bjóða jafnvel einu til tveimur börnum með.	öllum aðstæðum leikskóladagsins. Endurmat 1x á hvorri önn.	óri, starfsmenn.	fer fram á deildarfundum . Ritari hópsins hverju sinni skráir fundagerð. Myndskráning ar og Foreldrakönnun.	tungumáli, bæði málskilningi og bæti við sig orðaforða.
Starfsfólkið taki virkan þátt í leik barnanna og leiði hann áfram	Að börnin öðlist færni í að nýta leikefnið, bæði hefðbundið og óhefðbundið til náms og þroska	Að starfsfólkið sé ávalt til staðar til að styðja við þróun leiksins. Einnig að kenna börnunum að leika sér með leikefnið og kynna þeim möguleika þess. Fara til þeirra á gólfíð – vera í hæð barnanna.	Unnið allt árið og metið 1x á hvorri önn.	Deildastjóri og allt starfsfólk deildarinnar.	Rýnivinna starfsmanna deildarinnar fer fram á deildarfundum . Ritari hópsins hverju sinni skráir fundagerð. Starfsmenn halda myndskráningu.	Að börnin öðlist færni í að lesa í leikefnið og dýpki leikinn um leið sér til náms og þroska.
Upplýsingaflæði og miðlun	Efla upplýsingaflæði á milli heimila og skóla.	Afmarka upplýsingaflæði til foreldra við upplýsingatöfluna og á innanverðri útihurðinni. Virkja deildina til að sjá um og koma upplýsingum þaðan á heimasíðuna. Efla og eiga frumkvæði af samtölum við foreldra í hér og nú aðstæðum leikskóladagsins.	Byrja strax að hausti	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Rýnisvinna á deildarfunum og farið yfir stöðuna með því að skoða heimasíðu og ræða við foreldra í foreldraviðtöl um hvernig það upplyfi upplýsingastreymi og hvernig því sé best miðlað til þeirra.	Að foreldrar séu upplýstir um það sem fram fer í leikskólanum



3. Innra mat á Rauðalandi

Skipulagt starf fór vel af stað í haust. Afskipti sérkennslustjóra v. barna sem þurftu auka málörvun voru mikil m.a. börn af erlendum uppruna og börn í talkennslu. Unnið var samkvæmt markmiðum fram eftir vetri.

Lestraráttak í formi bókaorms gekk vel og er það áttak komið til að vera, einu sinni á hvorri önn.

Ákveðin verkefni eru föst í sessi svo sem vefnaður, saumur, þróun teikninga og spilastundir.

Skráning var aukin á deildinni í formi viðburðadagatala – með upplýsingum um hvað sé á döfinni hverju sinni.

Í Persónu- og ferilmöppu barnanna fara nú ljósrit úr bókinni sem fylgir böngsunum sem fara með þeim heim um helgar. Auk þess sem elstu börnin fá ljósrit úr minningabókinni í sína Persónu- og ferilmöppu.

Góð flokkun ljósmynda er á möppum í tölvunni merktum hverju barni og skráning á námi barnanna sýnileg á deildum og fer svo í Persónu- og ferilmöppu hvers barns sem við á.

Skráum í sér möppur alla útikennslutímana, tónlistartímana og þemavinnuna. Foreldrar allra barnanna geta fengið myndir af sínu barni á USB lykil sem þeir leggja til þegar barn þeirra líkur leikskólagöngunni. Þróun skráninganna mun halda áfram.

Náðum ekki því markmiði, sem við settum okkur um að börnin fengju að deila reynslu sinni til að efla sjálfstraust; sjálfsefningu sína. Haldið verður áfram með það. Á fyrsta starfsdegi haustsins mun allt starfsfólk Árborgar fá kynningu á leiðtogaverkefninu „Leiðtögin í mér“ Eitt markmiðanna er að við hjálpum börnunum við að koma auga á styrkleika sína og að hvert barn verði besta útgáfan af sjálfu sér til að takast á við verkefni framtíðarinnar.

Jafnréttismarkmiðum var náð og hafa fest sig í sessi.

Að hluta til tókst að fá börnin með í skipulagvinnu – að semja reglur og fl.

Vinnan með náttúruvísindin fóru vel af stað strax á haustönn, bæði í útikennslunni og í þemahópunum. Reyndar var ætlunin að börnin veldu sér stað utandyra sem þau heimsæktu 1 x mánuði og fylgdust með árstíðarbundnum breytingum í náttúrunni en það tókst ekki.

Allt skipulagt starf féll niður frá og með 6. febrúar, Degi leikskólans vegna brunans í Árborg. Áherslur breyttust því fram á vor. Öll starfsemin vék úr leikskólahúsnæðinu og þeim dyrum lokað að sinni, en vinir leikskólans, Árbæjarskóli og í Töfrasel opnuðu sínar dyr fyrir okkur. Við þetta sköpuðust ný verkefni og áskoranir sem varð að leysa – og þó að allt leikskólastarfið fengi á sig brotsjó, þá, á sama tíma þéttust raðirnar sem leiddu af sér samhug, samstillingu, samvinnu og samkennd.



Umbótaþættir Rauðaland	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Sjálfsþing og félagsfærni – og trú á eigin getu	Að skapa jákvætt og hvetjandi leik- og námsumhverfi sem ýtir undir og styður við sjálfsöryggi og frumkvæði barnanna.	Fáum kynningu á leiðtogaverkefni nu „Leiðtoginn í mér“. Nýtum okkur ýmsar aðstæður í skólastarfinu bæði í frjálsum leik og skipulögðum stundum. Börnin læri að koma fram með hugsanir sínar, óhikað og sjálfsörugg.	Allt leikskólaárið	Deildastjóri og Starfsfólk deildarinnar	Rýnihópur á deildarfunum með skráningu. Endurmetið 1x á hvorri önn.	Að börnin geti borið ábyrgð á eigin ákvörðunum og fái tækifæri til að vinna úr eigin styrkleikum.
Málörvun og tjáning	Efling málskilnings og hljóðkerfisfitundar	Málörvunar og hljóðanámsk. „Lubbi finnur málbein“ hefst í öllum leikskólanum á haustönn. Nýta MML ráðgjöf. Samræma starfs- og kennsluáferðir.	Allt leikskólaárið	Stjórnendur og starfsfólk deildar	Stöðumat í nóv. feb og lokamat í maí í tengslum við foreldraviðtölin.	Að börnin bæti orðaforða sinn og framburð sér til gagns.
Skráning	Að gera alla skráningu aðgengilega og sýnilega	Temja okkur að skrá alla fundi. Gera nám og leik barnanna sýnilegri bæði í máli og	Allt leikskólaárið	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Rýnihópur á deildarfunum með skráningu.	Að allt starfsfólkið og foreldrar séu upplýstari um það sem



		myndum m.a. fyrir foreldrana.			Endurmetið 1x á hvorri önn.	fram fer í leikskólanum og geti fylgst betur með námi og þroska barna sinna.
Nýting á leikrými hússins	Að börnin kynnist mismunandi náms- og leikmöguleikum á mismunandi svæðum og aðstæðum	Festa skipulag og samvinnu milli Rauða- og Bláalands um skiptingu á milli salar og kjallara	Allt leikskólaárið	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Rýnihópur á deildarfunum með skráningu. Endurmetið 1x á hvorri önn.	Að öll börn beggja deildanna, 3-6 ára, þekki öll leikrýmin, allan, efniviðinn og möguleikana sem þar bjóðast.
Náttúra og vísindi	Að börnin öðlist beina reynslu á útivettvangi í leik og námi. Útinám ýtir undir forvitni barnanna og rannsóknarþörf.	Sama skipulag og í fyrra: Risaeðlur (elsti h.) í gegn um útinám. Ljón og hvolpar (miðh og yngsti h.): í gegn um þemanám	Allt leikskólaárið	Deildastjórar og starfsfólk deildanna	Rýnihópur á deildarfunum með skráningu. Endurmetið 1x á hvorri önn.	Að börnin upplifi örugg og góð tengsl við náttúruna.



4. Innra mat á Bláalandi

Skipulagt starf fór vel af stað síðastliðið haust. Töluvert álag var þó á deildinni vegna aukinnar sérfræðiaðstoðar við óvenju mörg börn á deildinni allan veturinn. Illa gekk að ráða í stuðningsstöður og fyrir vikið jókst álag. Unnið var samkvæmt markmiðum framan af vetri og héldum við áfram með lestrarátak með foreldrum í formi Bókaormsins, sem gekk vel og er nú komin til að vera 2x á ári. Það eru ýmis verkefni sem eru fastur liður í vetrardagskránni s.s. vefnaður, saumur og teikningar og gengu þessi verkefni vel. Okkur tókst að framfylgja markmiðum um að stuðla að auknum orðaforða barnanna og hugtakaskilningi og munum við halda áfram að þróa þá vinnu. Varðandi markmiðið um að lesa í þarfir barnanna með því t.d. að gefa 10 mínútur þá fór það vel af stað en datt svolítið niður eftir áramót vegna starfsmannaskorts og bruna sem kom upp í leikskólanum í febrúar. Við teljum þó að allir hafi fengið einhvern tíma þó við vildum að hann hefði verið meir. Þetta verður haldið á fram með næsta starfsár. Að vinna með heimamenninguna gekk ekki eins markvisst og við vildum en við unnum með tónlist frá ýmsum löndum skoðuðum fána og landakort. Þetta eru markmið sem þarf að vinna áfram með. Vinnan með sjálfshjálpi barnanna í matartímanum gekk líka vel framana af vetri og börnin lærðu að skammta sér sjálf og ganga frá eftir matinn. Þessu markmið var náð og er komið til að vera. Unnið var að markmiði um aukna skráningu og hefur verið bæt þar í s.s. að skrá með myndum og frásögn, ferðir, tónlistartíma, útikennslu, þemavinna og önnur vinna skráð og sett í feril og persónu möppu barnanna. Við náðum ekki því markmiði að vinna með skráningu á heimasíðu deildarinnar eins og lagt var upp með en það verður tekið fastari tókum á næsta starfsári.

Allt skipulagt starf féll niður frá og með 6. febrúar, Degi leikskólans vegna brunans í Árborg. Áherslur breyttust því fram á vor. Öll starfsemin vék úr leikskólahúsnæðinu og þeim dyrum lokað að sinni, en vinir leikskólans, Árbæjarskóli og í Töfrasel opnuðu sínar dyr fyrir okkur. Við þetta sköpuðust ný verkefni og áskoranir sem varð að leysa – og þó að allt leikskólastarfið fengi á sig brotsjó, þá, á sama tíma þéttust raðirnar sem leiddu af sér samhug, samstillingu, samvinnu og samkennd.

Umbótaþættir Bláaland	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Lesi í þarfir hvers og eins barns	Að gæta þessa þess að lesa í þarfir allra barnanna- líka þeirra „ósýnilegu“-rólegu.	Að gefa sig að öllum börnunum líka þeim rólegu. Nota skráningar til að finna þá	Verður að vera alltaf í gangi	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Rýni hóp á deildarfundum m. skráningu endurmeta 1x f. áramót	Að starfsfólk eigi jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og myndi tengsl



		sem við ætlum að gefa extra 10 mín.			og 1x eftir áramót.	við þau í gegnum leikinn. .
Að vinna markvisst með heimameningu barnanna	Að öll börn upplifi sig sem hluta af leikskólameningu unni	Að hvert barn eigi sína viku yfir veturinn þar sem það er í forgrunni	Endurskoðað 1x á önn	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Rýni hópur á deildarfundum, myndir og skráning	Starfsfólk hafi yfirsýn og gæti þess að hvert barn fái að njóta sín
Vinna að sjálfsefningu og félagshæfni barnanna	Að börnin öðlist færni til að takast á við ýmsar athafnir og áskoranir daglegs lífs og læri að standa með sjálfum sér.	Námskeiðið Leiðtugin í mér. Að börnin öðlist öryggi til að tjá tilfinningar, langanir og getir sagt frá.	Námskeið í september, innleiðing í október og nóvember	Stjórnendur og starfsfólk	Stöðumat í nóv. feb. og í lokamati í maí	Að börnin verði leiðtogar í eigin lífi.
Vinna með eflingu læsis og málskilning	Að efla hljóðkerfisvitund og málskilning	Fá Lubba námskeið, Nýta ráðgjöf frá MML Að allir starfsmenn vinni eins.	Námskeið í september, unnið með MML jafnt og þétt yfir veturinn . Endurmat 1x á önn	Stjórnendur og starfsfólk deildar	Stöðumat í nóv. feb og lokamat í maí	Að börnin bæti orðaforða sinn og geti nýtt sér það til gagns.
Skráning	Gera leikskólastarfið gegnsærra og sýnilegra.	Að halda áfram með það sem byrjað var á síðasta ári að vinna með að skrásetja viðburði og vinnu barnanna ásamt því að bæta upplýsingagjöf til foreldra í gegnum heimasíðu	Vinna að þessu allan veturinn	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Endurmetið 1x á önn og í lokamati í maí 2020	Að foreldrar séu upplýstari um það sem fram fer í leikskólanum og geti fylgst betur með námi barna sinna.



3 Ytra mat

Á starfárinu var gerð bæði foreldrakönnun og viðhorfskönnun starfsmanna. Góð þátttaka var í foreldrakönnuninni eða um 80% en meðaltal borgarinnar var um 68%. Heildarniðurstaða var sú sama og á síðasta ári eða 4.54 stig af 5 mögulegum og er það nokkuð á pari við aðra leikskóla Reykjavíkurborgar. Þegar niðurstöður eru skoðaðar þá hafa liðir innan hennar bætt við sig en aðrir hafa aðeins sigið. Ekki eru miklar sveiflur á milli ára en enn eru þó þættir sem við þurfum að bæta s.s upplýsingastreymi til foreldra. Við höfum þó bætt í varðandi að senda tölvupósta á íslensku og ensku ,einnig höfum við reynt að setja fréttir fram á íslensku og ensku á heimasíðu. Við teljum að síðara foreldraviðtal vetrarins sem var framkvæmt á eftir foreldrakönnuninni, hafi haft áhrif á niðurstöður varðandi að foreldrum finnst þeir ekki fá nægar upplýsingar um þroska og nám barna sinna, en einnig þurfum við að virkja foreldra betur í að koma að mati á framförum barna sinna. Við munum leggja áherslu á þetta næsta vetur og endurskoða að vori.

Starfsmannakönnun var gerð í janúar til febrúar í vetur og var þátttaka ekki nema rúm 50 % en var þó á pari við meðaltal í borginni allri. Þátttaka fyrri ára hefur verið nær 100% og ekki ljóst hvað veldur þessari breytingu í ár . Í okkar tilfelli þar sem skólinn er lítill þá gefur 50 % þátttaka ekki mjög marktækar niðurstöður og við tökum þeim með smá fyrirvara. Viðhorf starfsmanna er nokkuð stöðugt á milli ár og er það í sjálfu sér ánægjulegt. Við sígum örlítið uppávið á nokkrum sviðum s.s starfánægju , fræðslu, stjórnunarháttum og vinnuaðstæður hafa batnað svo eitthvað sé nefnt. Við höfum líka sígið örlítið niður á nokkrum þáttum og er það helst varðandi starfsöryggi, starfsmannaveltu og áhuga og hæfni starfsmanna og fólk er ekki eins tilbúið að takast á við breyttar vinnuaðstæður. Þegar þessi könnun fór fram þá hafði ekki komið upp bruninn í leikskólanum sem gerðist í febrúar , því þá voru starfsmenn allir sem einn tilbúnir að leggja á sig ómælda vinnu og breytingar til að halda úti leikskólastarfinu þannig að ef þessi könnun yrði gerð núna á vorönn þá kæmi líklega annað út úr henni. Starfsfólk þjappaðist saman og gerði það sem gera þurfti óháð stöðu eða stétt eða hvar fólk var munstrað. Það hefur verið mikið álag á allri vorönn og ótrúlegt hvað lítil veikinda hafa verið á þessu tímabili. Við þurfum alltaf að vera á tánum að öllum líði vel í starfi og séu að fá verkefni þar sem hæfni og reynsla nýtur sín. Við höfum verið að fara inn i meiri starfmannaveltu undanfarin 3-4 ár og hefur það áhrif hvort starfsfólk stoppar í nokkur ár eða hverfur á braut eftir ár.

Í umbótaþáttum um matsvinnu sem ákveðnir voru í starfsáætlun síðasta árs eru atrið sem við þurum að halda áfram að vinna með.



Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Að mat á framförum barna sé reglulegur þáttur í leikskólastarfinu	Er að geta fylgst með framförum barnanna og þá mögulega gripið strax inn í ef eitthvað er ekki eins og það á að vera.	Fylgja eftir gátlistum um þroska barna og nota það með í samtölum við foreldra. myndir og skráning í leik .	September til maí 2020	Stjórnendateym i	Einu sinni á önn í nóv. og mars	Að mat á framförum sé hluti af leikskólastarf inu.
Að stefnu og sýn sé miðlað til foreldra og starfsmenna og notaðar verði mismunandi leiðir til að upplýsa um stefnuna inna skólasamfélagsins	Að starfsmenn og foreldrar verði meðvitaðir um hvert er stefnt með því starfi sem fram fer í leikskólanum	Að nýta betur heimasíðu, tölvupóst og gera sýnilegt innan skólans hvert við stefnum og hvað við erum að gera.	September- maí 2020	Stjórnunarteymi	Einu sinni á önn í nóv. og í apríl	Að tryggt sé að upplýsingum sé miðlað um leikskólastarf ið
Að til séu áætlanir og verklagsreglur sem tryggja öryggi barna og starfsfólks	Að upplýsingar um viðbrögð sem tryggja öryggi verði aðgengileg á hverri deild.	Að starfsmanna handbækur verið aðgengilegar á hverri deild	Ágúst-júlí 2020	Stjórnunarteymi	Einu sinni á önn í nóv. og apríl	Að stuðla að samhæfðum viðbrögðum starfsfólks til að tryggja öryggi barna og starfsfólks.
Að haldinn sé skrá yfir alla fundi leikskólans	Að auðvelda eftirfylgd og mat á starfi leikskólans.	Að ritaðar verið fundar-gerðir á öllum deildar- fundum, starfsmanna- fundum og foreldrafund um	Allt starfárið	Stjórnunarteymi	Einu sinni á önn í nóv. og apríl	Að mat á árangri sé aðgengilegt fyrir endurmat á starfi leikskólans



<p>Að markmið skólanámskrár verði metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti</p>	<p>Að allir hagsmunaaðilar séu upplýstir og meðvitaðir um hvert við stefnum í sameiningu</p>	<p>Að meta á umræðugrun dvelli út frá þeim gögnum sem við höfum</p>	<p>Allt starfsárið og byrja strax og endurskoða á 3ja ára fresti</p>	<p>Stjórnendur</p>	<p>Umræðumat byggt á þeim gögnum sem fyrir liggja</p>	<p>Bæta og þróa skólastarfið</p>
--------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------	--------------------	-------------------------------------------------------	----------------------------------



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru ekki fram á vorönn eins og gert var ráð fyrir vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust í kjölfar brunans 6.febrúar og var ákveðið að láta þau niðurfalla til að bæta ekki í það álag sem fyrir var og verða þau tekin upp aftur á næsta starfsári. Töluverð fræðsla fór fram á starfsárinu og sótti leikskólastjóri forystunám fyrir stjórnendur á vegum SFS sem tók 9 daga sem dreifðust yfir veturinn, námskeiðsdegi leikskólastóra SFS, einnig sótti hann ásamt aðstoðarleikskólastjóra fræðslu um heilsueflandi leikskóla á vegum landlæknisebættisins, námskeið um innra mat, námstefnu FSL og fræðslu og vinnufundum vegna persónuverndarlaga. Aðstoðarleikskólastjóri sótt námstefnu um Leyndarmál Rauðhóls. Allir starfsmenn fengu námskeið um einelti sem Vanda Sigurðardóttir hélt og var það í samstarfi við leikskóla í hverfinu, allir starfsmenn tóku þátt í leikskólaráðstefnu í febrúar á vegum SFS einnig var námskeiðið Einn leikskóli, mörg tungumál sem Fríða Bjarney hélt á starfsdegi í september. Í maí fór leikskólinn í námsferð til Gdansk en upphaflega var ferðinni heitið til Berlín en vegna falls WOW air og gjaldþrots Gamanferða þá var gert það besta úr aðstæðum og ferðinni breytt og farið til Gdansk í Póllandi . Þar voru þrjú námskeið haldin á vegum Leikur að læra um kennsluáferðir þeirra, núvitund og hópefli. Tólf starfsmenn fóru í þessa ferð og var hún kærkomin í kjölfar álags og erfiðleika vorannarinnar, fjórir starfsmenn fóru ekki í þess námsferð en þeir heimsóttu leikskóla hér heima og kynntu sér starfsemi þeirra. Sérkennslustjóri sótti einnig námskeið um APSE. Einn starfsmaður lauk leikskólaliðanámi í vetur.

Á næsta starfsári er gert ráð fyrir að allir deildarstjórar , þrír talsins komist á leiðtoganámskeið fyrir deildarstjóra sem haldið verður á tímabilinu október til nóvember. Gert er ráð fyrir að fá inn í hús námskeið um Lubba sem allir munu taka þátt í . Á skipulagsdegi í september verður námskeiðið „Leiðtoginn í mér „ en það er liður í sjálfseflingu barna og er fyrirlesari úr Leikskólanum Klettaborg í Borgarnesi . Gert er ráð fyrir að námskeið um barnasáttmálann verði á starfsmannafundi á hausmánuðum. Við munum vera opin fyrir fræðslu sem verður í boði næsta vetur og munum senda starfsmenn á það sem kemur okkar starfi til góða. Starfsmenn munu taka þátt í leikskólaráðstefnu SFS í febrúar eins og undafarin ár.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Árborg er í samstarfið við Árbæjarskóla varðandi elstu börnin. í vetur var nokkur sérstaða því að þegar bruninn kom upp í leikskólanum þá tók Árbæjarskóli og frístundamiðstöðin Ársel á móti öllum börnum leikskólans og kynntust börnin ágætlega þessum tveimur stöðum. Þrjú yngstu árgangarnir dvöldu í 2 vikur í Árbæjarskóla en Elstu börnun dvöldu í 7 vikur í Árseli og tóku þátt í starfi



frístundarheimilisins eftir hádegi alla daga og síðan borðuðu þau hádegismat í sal grunnskólans. Sem betur fer þá var þetta einstakt hjá okkur í vetur og vonandi þurfum við ekki að færa starfsemi leikskólans aftur út fyrir húsið. Fyrirkomulag samstarfs er á þá leið að leikskólinn fer nokkrum sinnum yfir veturinn í heimsókn í Árbæjarskóla en börnin í 1.bekk kemur einu sinni í heimsókn í leikskólann. dagskrá er orðin nokkuð hefðbundin og hefur breyst lítillega milli ára.

Skipulag:

16.ágúst	Fundur með kennurum 1.bekkjjar og börnum frá leiksólanum skilað
Október	Heimsókn í bókasafn Árbæjarskóla
Nóvember	Heimsókn 1.bekkjjar í Árborg og Rofaborg
Nóvember	Dagur íslenskrar tungu í Árbæjarskóla
Desember	Jólastund í Árbæjarskóla, börnin taka þátt í jólasamveru með 1.bekk.
Febrúar	Heimsókn í skólastund í Árbæjarskóla , 4-5 börn í einu og eru einn morgun .
Mars	Smiðjur í Árbæjarskóla , þátttaka í dansi, íþróttum og textíl
Maí	Vorskóli, börnum boðið ásamt foreldrum í Árbæjarskóla

6 Foreldrasamvinna

Foreldrafélag er starfandi í Árborg og eru allir foreldrar sjálfkrafa meðlimir í því. Stjórn er kosin á hverju ári á aðalfundi foreldrafélagsins. Misjafnlega gengur frá ári til árs að fá foreldra til stjórnarstarfa. Í ár gekk ágætlega að fá foreldra í stjórn en ekki hefur verið mikil virkni í félaginu. Fastir liðir hafa í gegnum árin verið að ganga á forsendum leikskólans , s.s leiksýningar, útskriftarferð og sveitaferð, en sveitaferðin var felld niður í ár vegna þess að farið var að spá í breytingar með hvert ætti að fara og svo leið tíminn, líklega hefur ástandið í leikskólanum á vorönn, vegna brunans, haft áhrif á virkni félagsins. En foreldrafélagið stóð fyrir opnu húsi í desember og sumarhátíð.

Foreldraráð var kosið á foreldrafundi í október og kom það saman 3 sinnum í vetur.

Við tókum upp aftur á þessu starfsári að vera með tvö vitöl við foreldra í október/nóvember og síðan var annað vitað í maí. Tilstóð að síðara viðtalið yrði í mars en því var seinkað vegna aðstæðna í leikskólanum . Við vonum að með því að fara aftur í 2 viðtöl náum við að upplýsa foreldra betur um þroskalega stöðu og líðan barnanna yfir veturinn. Fyrirkomulag viðtala er að hver deild útdeilir viðtalstíma sem er ½ tími í senn og notar tvo daga í að klára viðtölin.



Foreldrafundur var ekki haldin síðasta starfsárs vegna dræmrar þátttöku á fundum og mikils álags í október, er þetta í fyrsta skipti sem foreldrafundur fellur niður. Við stefnum á að vera með fundi í haust og þá í október og mun fyrirkomulag vera þannig að tvær eldri deildir verða saman og yngsta deild sér. Farið verður yfir áherslur vetrarins og munu fundirnir verða kl. 8.15-9.00

Aðlögun fer fram á þann hátt að hausti að 5-6 börn eru aðlöguð samtímis og eru foreldrar með fyrstu 3 dagana og fara síðan frá en eru í símasambandi. Aðlögun tekur eina viku. Foreldrar útbúa möppu með myndum af barninu og helstu aðstandendum í kringum barnið og er síðan safnað í þessa möppu yfir tímabilið sem barnið er í leikskólanum og er hún mikið notuð þessi mappa til að skapa samræður og öryggi hjá barninu. Mótaka allra barna er eins en við bjóðum upp á tulkapjónustu fyrir foreldra barna með erlent tungumál. Upplýsingar til foreldra í gegnum tölvupóst eru allir á íslensku og ensku. Fréttir á heimasíðu eru allar á íslensku og ensku. Ekki er búið að þýða allt efni sem kemur á heimasíðu. Við ræðum við alla foreldra um mikilvægi þess að lesa og höfum fengið foreldra í lið með okkur 2x á starfsári 2 vikur til mánuð í senn að lesa heima og koma svo og skrifa nafn bókar og barns á miða sem hengdur er upp á vegg og mynda þessir miða svo orm sem hlykkjast um skólastofuna , síðan er haldið utan um tölfræðina hverju sinni. Rædd er skjánotkun barna í foreldraviðtölum og hvatt til að draga úr áhorfi.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar næsta starfsárs verða á þessa leið:

12 september

13.september

19. nóvember sameiginlegur með skólum hverfisins.

02.janúar 2019

7. febrúar sameiginlegur með skólum hverfisins.

24. apríl sameiginlegur með skólum hverfisins.



8 Fylgiskjöl

Samantekt um sérkennslu /stuðning

8.1 Hvernig gekk að uppfylla markmið frá síðustu skýrslu

Lagt var upp með að innleiða Lubba á allar deildir að var meiningin að fá námskeið í hús.

Það dróst og var markvisst frestað eftir bruna í húsinu í byrjun febrúar 2019. Þó var Lubbastafrófið hengt upp á öllum deildum og börnum úthlutað Lubbatáknum. Einnig voru lögin úr Lubbabókinni spiluð fyrir börnin og oft sungin með táknumum.

Aldurstengdir orðalistar MMS voru prentaðir út og plastaðir og settir inn á hverja deild til viðmiðunar í málörvuninni. Misjafnt er hversu mikið starfsfólk hefur notað þá en betur má ef duga skal.

Lestur er reglulegur á öllum deildum og er Bókaormurinn á sínum stað. Einnig höfum við verið dugleg að minna hvert annað á að „taka 10“.

Verst settu börnin hafa komið í einkatíma til sérkennslustjóra nokkrar vikur í senn og voru stundum tekið tvö til 3 börn saman. Sérkennslustjóri hefur verið mikið inni á deildum og spilað, lesið og spjallað og stundað þannig markvissa málörvun á plani ;)

8.2 Börn með annað móðurmál en íslensku

Börnin hafa mest verið þjálfuð af starfsmönnum á deild með því að sýna þeim myndir og setja orð á allar athafnir eins og færi gefst yfir daginn. Ef ástæða hefur þótt til snemmtækrar íhlutunar hafa mál verið sett í farveg.

Ílla hefur gengið að fá starfsfólk í stuðningsstöður og hefur þessi hluti málörvunarinnar mætt mest á deildarstarfsmönnum.

Fjölmanning hefur fengið sitt rými og fengum við Fríðu Bjarney Jónsdóttur til að halda fyrir okkur fyrirlestur um þau mál. Þarna ætluðum við að nota orðalistana og vinna út frá þeim en sú vinna hefur ekki verið nógu markviss.

Allar áætlanir röskuðust þegar bruni kom upp þann 6.febrúar og allt starf færðist upp í Árbæjarskóla og Ársel. Við héldum þó áfram með allt sem gekk og tókst að halda vel utan um börnin. Þegar upp er staðið var þessi tími mjög lærdómsríkur og þroskandi.



8.3 Umbætur fyrir næsta starfsár 2019-2020

Sérkennslustjóri ætlar að fylgja eftir innleiðingu á Lubba fyrir allan leikskólann. Með því verður hægt að vinna að sama markmiði í gegnum allar deildir. Lubbi gagnast öllum börnum innan leikskólans. Með innleiðingu Lubba verður ákveðið verklag tekið upp sem nýtist börnum á öllum deildum. Sú vinna fylgir börnunum stig af stigi í gegn um leikskólagönguna, frá upphafi til enda. Ábyrgðamaður er sérkennslustjóri og aðrir stjórnendur.

Pantað verður námskeið fyrir alla starfsmenn samtímis svo allir getir tekið slaginn saman.

Lögð verður áhersla á að virkja starfsfólk í að „taka 10“ og sett verður upp skráningarkerfi.

Einnig verðu lögð áhersla á að allir starfsmenn leggi sig fram um að setja orð á allt í umhverfi barnsins.

Sérkennslustjóri mun gera einstaklingsnámskrár eftir AEPS fyrir þau börn sem á þurfa að halda.

Tímaáætlun: Frá september 2019 út til júní 2020.

Endurmat færi fram í desember 2019 og maí 2020.

Símat fer fram á öllum fundum er varða hvert barn.

Sérkennslustjóri mun halda áfram að taka börn í einkatíma og einnig í litla hópa.

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	Já 2	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	Já 2	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	Já	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	1	Ekki hefur tekist að ráða í stuðningsstöður svo starfsfólk deilda og sérkennslustjóri hafa sinnt stuðningi



Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Nei	Í vinnslu og áætlað að ljúka henni vor 2020
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Nei	Er í vinnslu og verður kláruð nóv. 2019
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	Ekki fyrir öll börn en þau börn sem hafa úthlutaðan stuðningstíma.
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	já	Þjónustumiðstöð og Heilsugæslu
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já/nei	Þessi þáttur er að koma sterkari inn.

F. h. leikskólans Árborg

Sigríður Hafdís Þórðardóttir 16. október 2019

Leikskólastjóri

Dagsetning



